

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi og nýtt deiliskipulag í Reykjavíkurborg.

Tangabryggja 18-24.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs þann 1. febrúar 2017, breytingu á deiliskipulagi Bryggjuhverfis vegna húsanna nr. 24-26 á lóð nr. 18-24 við Tangabryggju. Í breytingunni felst m.a. að vestur lóðarmörk færast til austurs, lóð minnkar og byggingareitur breytist, hámarksflatarmál hæða getur orðið allt að 5.500 m², hámarksflatarmál millilofta íbúða efstu hæða/þakhæða má vera allt að 350 m² og bílastæði verði 94 á lóð fækkar um 6. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavíkurflugvöllur, flugvallargeiri 4.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar þann 27. janúar 2017, breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar. Í breytingunni felst stækkun á flughlaði við flugskýli 4. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipholt 27.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar þann 27. janúar 2017, breytingu á deiliskipulagi Skipholtsreits vegna lóðarinnar nr. 27 við Skipholt. Í breytingunni felst hækkun á framhúsi um eina hæð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Gamla höfnin – Vesturbugt.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 1. febrúar 2017, breytingu á deiliskipulagi Gömlu hafnarinnar - Vesturbugtar. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir nýrri göngubryggju austan við lóð Grandagarðs 8 sem tengir núverandi bryggju við gönguleið / bryggju við Rastagötu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Grensásvegur 16A og Síðumúli 37-39 – nýtt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 9. febrúar 2017, nýtt deiliskipulag vegna lóðarinnar nr. 16A við Grensásveg og 37-39 við Síðumúla. Í tillöggunni felst að byggja við og breyta nýtingu núverandi húsnæðis á lóðinni. Húsnæðið verður nýtt fyrir íbúðir, hótél, skrifstofu- og þjónustustarfsemi. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 16. febrúar 2017.

Björn Axelsson.